

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 50.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi. Þykir ökuleyfis svipting hans hæfilega ákveðin í 1 ár frá dómsbirtingu.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Eldon Logason, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dómsins sviptur ökuleyfi í 1 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. nóvember 1978.

Nr. 75/1977. **Rafveita Siglufjarðar**

(Hörður Einarsson hrl.)

gegn

Holtshreppi

(Sigurður Ólason hrl.).

Lögtak. Máli vísað frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4.

maí 1977. Aðalkrafa hans er, að lögtak fari aðeins fram fyrir 30.120 krónum, en varakrafa, að lögtak fari fram fyrir 253.110 krónum. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 29/1885 er áfrýjunarfrestur lögtaksgerðar 8 vikur frá gerðardegi. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar má þó veita áfrýjunarleyfi, þar til misseri er liðið frá sama degi. Þessi ákvæði eru í gildi, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp 12. október 1976. Áfrýjunarfrestur var því liðinn, þegar áfrýjunarstefna var gefin út, og lagaheimild brast til útgáfu áfrýjunarleyfis, sem út var gefið 22. apríl 1977. Verður því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Rafveita Siglufjarðar, greiði stefnda, Holtshreppi, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Skagafjarðarsýslu 12. október 1976.

Ár 1976, þriðjudaginn 12. október, var í fógetadómi Skagafjarðarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni að Viðigrund 5 á Sauðárkróki af Jóhanni Salberg Guðmundssyni sýslumanni, kveðinn upp úrskurður í fógetadómsmálinu nr. 14/1976: Hreppsnefnd Holtshrepps f. h. hreppsins gegn Rafveitu Siglufjarðar.

Í máli þessu er sú krafa gerð af hálfu hreppsnefndar Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu f. h. hreppsins, að lögtak verði látið fara fram í eignum Rafveitu Siglufjarðar, Siglufirði, til tryggingar fasteignaskatti til hreppsins, álögðum árið 1975, að fjárhæð kr. 1.102.500 auk 2% vaxta á mánuði frá 15. ágúst 1975 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Af hálfu gerðarpola, Rafveitu Siglufjarðar, eru þær dómkröfur

gerðar, að synjað verði um framgang umbeðinnar gerðar og gerðarbeiðandi verði dæmdur til þess að greiða gerðarþola málskostnað í máli þessu.

Tildrög málsins eru þau, að þann 1. ágúst 1975 lagði gerðarbeiðandi fasteignaskatt á þær eignir gerðarþola, sem metnar hafa verið til fasteignamats árið 1974, og nemur skattur þessi samtals kr. 1.102.500. Með bréfi til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 2. febrúar sl., beiddist oddviti gerðarbeiðanda lögtaksúrskurðar til tryggingar fasteignaskatti þessum, og 4. s. m. var upp kveðinn umbeðinn úrskurður, sem skv. árituðu vottorði hefur verið birtur gerðarþola 11. ágúst sl.

Þann 2. mars þ. á. hefur gerðarþoli kært til gerðarbeiðanda álagningu fasteignaskatts 1975 og 1976 á eftirtaldar eignir gerðarþola: verkstæðishús, mótorhús, geymslu, útihús, rafstöðvarhús, stíflu, háþrýstivatnspípu, vatnsmiðlunarskurð og útivirki, og er þess krafist, að fasteignaskattur á lagður þessar eignir verði alveg felldur niður. Til rökstuðnings þeirri kröfu er bent á, að skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga skal aðeins leggja fasteignaskatt á þær fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, og að skv. 2. tl. 11. gr. laga nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu eru rafveitur undanþegnar fasteignamati. Er bent á, að síðastgreint ákvæði verði að skilja svo, að þar sé átt við öll þau fasteignamannvirki, sem nauðsynleg séu til starfrækslu rafveitu. Er ákvæði í 2. gr. reglugerðar nr. 301/1969 um fasteignamat og fasteignaskráningu, þar sem segir, að meta skuli eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aðalstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir, er þau standa á, talið vera í ósamræmi við framangreint lagaákvæði og fái reglugerðarákvæði þetta því eigi staðist. Gerðarbeiðandi tók kæru gerðarþola til meðferðar 20. mars sl. Er í þeirri afgreiðslu vísað til 10. gr. reglugerðar nr. 320/1969 um fasteignaskatt, þar sem segir, að gjaldandi geti kært til sveitarstjórnar álagningu fasteignaskatts og skuli slík kæra afhent sveitarstjórn, áður en sex vikur eru liðnar frá álagningu skattsins, og þar sem kæra gerðarþola hafi eigi borist fyrr en rúmum 7 mánuðum eftir álagningu skattsins, sé hún of seint fram komin. Er því ákveðið, að fella eigi niður fasteignaskatt gerðarþola fyrir árið 1975, enda sé fasteignaskattur það ár lagður á sömu eignir og áður, að viðbættum skatti á eignir, sem skráðar eru í fyrsta sinn í fasteignamat árið 1974.

Gerðarþoli skaut máli sínu til yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 26. apríl sl., til úrskurðar og hafði uppi sömu rök sem í kæru sinni til sveitarstjórnar máli sínu til stuðnings. Yfirfasteignamatsnefnd kvað upp úrskurð út af kærunni þann 11. maí sl. Í þessum úrskurði segir m. a., að skýra beri ákvæði 2. tl. 11. gr. laga nr. 28/1963 svo, að með rafveitu sé þar átt við mannvirki, sem eru hluti dreifikerfis raforku (að húsum þó undanskildum), en mannvirki þau, sem í kæru eru greind, séu ekki hluti dreifikerfis raforku. Segir enn fremur, að undanþágan í 2. tl. 11. gr. laga nr. 28/1963 nái ekki til mannvirkja þessara og því hafi verið heimilt að leggja fasteignaskatt á eignir þessar. Var því úrskurðað, að kæra gerðarþola væri eigi tekin til greina.

Föstudaginn 24. f. m. var mál þetta þingfest og tekið fyrir í fógetadómi og þær kröfur gerðar, sem að framan greinir. Fór þá fram málflutningur af hálfu aðilja um ágreining þann, sem uppi er í máli þessu, og málið síðan tekið til úrskurðar að loknum flutningi þess.

Svo sem fram hefur komið af gögnum málsins og í málflutningi, er ágreiningslaus og hefur verið undanfarin ár álagning fasteignaskatts á jarðeignir og íbúðarhús gerðarþola, en mót-mælt er af hans hálfu álagningu fasteignaskatts á verkstæðis-hús, mótorhús, geymslu, útihús, rafstöðvarhús, stíflu, hábrýstivatnspípu, vatnsmiðlunarskurð og útivirki. Krafa gerðarþola er, eins og raunar áður greinir, studd þeim rökum, að greind mannvirki séu undanþegin fasteignaskatti skv. ákvæði í 2. tl. 11. gr. laga nr. 28/1963, þar eð skýra beri þetta ákvæði þannig, að það taki yfir öll mannvirki, sem nauðsynleg eru til að framleiða rafmagn. Af þessu telur gerðarþoli leiða, að eigi fái staðist það ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 301/1969, að meta skuli eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir, sem þau standa á. Auk þess segir gerðarþoli þetta undanþáguákvæði eigi geta náð til stíflu, hábrýstivatnspípu, vatnsmiðlunarskurðar og útivirkis, þannig að þótt reglugerðarákvæðið yrði talið standast að lögum, hljóti þessar síðastgreindu eignir að teljast undanþegnar fasteignaskatti, þar sem ekki sé um að ræða hús eða lóðir, sem ákvæðið nefnir.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að undanþáguákvæðið í 2. tl. 11. gr. laga nr. 28/1963 beri að skýra þröngt, þannig að rafveitur, sem þar eru nefndar, taki yfir línur og það, sem þarf til að halda þeim uppi, og annan slíkan útbúnað, sem :

þrengri merkingu þarf til þess að veita raforku eða flytja hana milli staða. Með stoð í þessari skýringu telur gerðarbeiðandi heimilt að leggja fasteignaskatt á þau mannvirki, sem hann hefur lagt skattinn á og um er deilt í málinu.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 8/1972 skal árlega leggja skatt til sveitarfélaga á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó undanþágur, sem taldar eru í 5. gr. Í lögum nr. 28/1963, sem giltu, þegar álagning umrædds fasteignaskatts fór fram, er að finna ákvæði um fasteignamat og skráningu fasteigna. Þar eru í 11. gr. taldar þær eignir, sem eru undanþegnar fasteignamati, og í 2. tl. greinarinnar eru m. a. rafveitur (þ. e. rafmagnsveitur) taldar undanþegnar. Samkvæmt 27. gr. laga þessara hefur fjármálaráðherra sett reglugerð um framkvæmd laganna, og er reglugerðin nr. 301/1969. Í 2. gr. hennar eru taldar þær eignir, sem eru undanþegnar fasteignamati, og hljóðar 3. tl. greinarinnar svo: „Rafveitur, þ. á m. línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum. Meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir, er þau standa á.“ Hér er af hálfu fjármálaráðherra skýrt, hvað ber að telja felast í undanþáguákvæðinu rafveitur í 2. tl. 11. gr. laga nr. 28/1963.

Þar sem ákvæði um undanþágu ber almennt að skýra þröngt, þykir ákvæði 3. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 301/1969 vera eðlilegt og í samræmi við 2. tl. 11. gr. laga nr. 28/1963, sbr. enn fremur 3. tl. 16. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna. Samkvæmt þessu er álagning fasteignaskatts á þær eignir, sem greindar eru í framlögðu álagningarskjali gerðarbeiðanda, lögleg. Ber því að leyfa framgang lögtaks fasteignaskattinum til tryggingar, svo sem um er beðið, enda er töluleg álagning hans eigi vefengd og vaxtakröfu heldur eigi mótmælt sérstaklega.

Rétt þykir í samræmi við úrslit málsins, að gerðarþoli skuli greiða gerðarbeiðanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 288.610 skv. framlögðum reikningi.

Ályktarorð:

Að kröfu gerðarbeiðanda, hreppsnefndar Holtshrepps f. h. hreppsins, og á hans ábyrgð skal fara fram lögtak í eignum gerðarþola, Rafveitu Siglufjarðar, til tryggingar kr. 1.102.500 með 2% vöxtum á mánuði frá 15. ágúst 1975 til greiðsludags.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 288.610 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 14. nóvember 1978.

Nr. 227/1977. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Guðmundssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Erlend lög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

I.

Ákærði óskaði eftir áfrýjun málsins, og því var einnig áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar. Samkvæmt áfrýjunarstefnu bárust embætti ríkissaksóknara dómsgerðir í málinu með bréfi 13. október 1976, en áfrýjunarstefna er gefin út 25. janúar 1977. Með vísan til 2. málsg. 179. gr. laga nr. 74/1974 hefur ríkissaksóknari fallið frá kröfu um þyngingu refsingar og annarra viðurlaga og enn fremur fallið frá kröfu um sakfellingu samkvæmt fyrra ákæruatriði í ákæruskjali, þ. e. akstur bifreiðar 25. október 1974, en héraðsdómari sýknaði ákærða af því ákæruatriði.

II.

Brot þau, sem ákærða eru gefin að sök í ákæruskjali, eru framin í Færeyjum. Ákærði er íslenskur ríkisborgari. Kom hann fyrir sakadóm Reykjavíkur hinn 14. október 1975, er